



19. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF. haldinn í Borgarnesi, 6. apríl 2016 kl. 13:00

Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Svein Pálsson sveitarstjóra Dalabyggðar sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Kristín Björg Árnadóttir og Ingibjörg Valdimarsdóttir. Nefndin hóf störf.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann hóf mál sitt með því að fara yfir sorpmagn sem borist hefur urðunarstaðnum og þróun þess síðustu þrjú ár. Alls voru 11.225 tonn af úrgangi urðuð í Fíflholtum árið 2015. Af því magni bárust 2340 tonn frá Vestfjörðum og rest, eða 8.885 tonn frá Vesturlandi. Árið 2014 bárust 11.462 tonn til urðunar og 11.883 tonn árið 2013. Þetta er því þriðja árið í röð sem nokkuð svipað magn er að berast til Fíflholta

Kristinn fór í skýrslu stjórnar yfir helstu málefni í rekstri urðunarstaðarins. Nügildandi starfsleyfi gildir til ársins 2028. Samkvæmt því tóku gildi talsvert viðamikil skilyrði um mælingar sem eiga sér stoð í reglugerðum. Fyrirtækið UMÍS ehf. sér um sýnatökur í Fíflholtum og sér um að senda sýni til greininga. UMÍS ehf., vinnur einnig úr niðurstöðum greininga og skilar sýnatökuskýrslu, ásamt annarri umhverfisvöktun til Sorpurðunar VI. hf. Samkvæmt nügildandi starfsleyfi skal skila umhverfisvöktun fyrir hvorn urðunarstað um sig, þ.e. eldri urðunarstað og frá urðunarrein nr. 4 sem er það urðunarsvæði sem telst til starfandi urðunarstaðar. Unnið er í samræmi við fyrirmæli UST um frágang og vöktun svæðisins.

Kristinn fór yfir þær vísbendingar, frá árinu 2012, um að hreinsivirki væri ekki að virka sem skyldi. Hann greindi frá ákvörðun stjórnar um að byggja upp ný hreinsivirki við báða staðina og yrði verkið boðið út fljótlega.

Hvað eldri urðunarstaðinn varðar þá vann, Efla, verkfræðistofa, lokunaráætlun fyrir eldra svæði urðunarstaðarins. Þó urðunarstaðnum hafi verið lokað telst honum ekki formlega lokað fyrr en Umhverfisstofnun hefur tekið svæðið út. Ekki tókst að ljúka frágangi svæðisins samkvæmt lokunaráætlun þar sem svæðið var mjög blautt og erfitt yfirferðar árið 2014. Því var fenginn frestur og verður staðurinn tekinn út í formlegu mati UST á árinu.



Þá fór formaður vel yfir gasmál í Fíflholtum. Rifjaði upp vinnu Mannvits úr gasmælingum sem gerðar voru og frumhönnun gassöfnunarkerfis árið 2012. Í lok árs 2015 voru sett upp fjögur gasrör, samkvæmt tilmælum starfsleyfis, og skal mæla gas í þeim og vinna úr niðurstöðum mælinganna. Einnig fór formaður yfir verkefnið „oxun í yfirborðslagi“ og sagði frá samstarfi við fagaðila um rannsóknir með öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir að metan berist út í andrúmsloftið frá urðunarstaðnum. Hitastigs- og rakanemar voru settir niður í yfirborð urðunarreinar (gluggar) Umrætt verkefni hefur verið framlengt út árið 2016 en það var gert til að fá fleiri mælingar til að vinna með í frekari nálgun á verkefninu.

Kristinn þakkaði stjórn gott samstarf og einnig starfsfólki félagsins Sérstaklega þakkaði hann starfsfólki Sorpurðunar Vesturlands fyrir góð störf fyrir félagið.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Hrefna fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár, 2015. Tekjur ársins kr. 82.958.697 kr. Rekstrargjöld 52.388.653 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 30.570.044 kr. Fjármunatekjur 3.569.168 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 27.307.810. Eigið fé og skuldir samtals kr. 143.653.874. Handbært fé í árslok 70 millj.kr. Þar af bundið innlánsfé vegna ábyrgðarkröfu um rekstur urðunarstaðarins eftir lokun hans, kr. 26.239.650. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út 20% arður. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2015 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar. Grænt bókhald á heimasíðu SSV má finna á slóðinni http://ssv.is/default.asp?sid_id=6559&tre_rod=001|009|&tId=1

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu umboða frá sveitarfélögum.

Lögmæti fundarins.

Fulltrúar fyrir 99,1% sveitarfélaga mættir og fundurinn því lögmætur.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir að sitja fundi miðast við þingfararkaup.

Greiðslur fyrir að sitja fundi fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 42.720, aðrir 3% kr. 21.360. Auk þess fá fundarmenn akstur og ferðakostnað greiddan samkvæmt taxta RSK. Greiddur er ½ dagpeningur pr. stjórnarfund til allra stjórnarmanna.

Tillagan er óbreytt frá fyrri árum og greiðslur því óbreyttar fyrir stjórnarstörf. Samþykkt samhljóða.



4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 20% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða. Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2015 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Auður H Ingólfssdóttir
Finnbogi Leifsson
Karitas Jónsdóttir
Sturla Böðvarsson

Arnheiður Hjörleifsdóttir
Kristinn Jónasson
Sævar Jónsson

Tillaga uppstillingarnefndar samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson og Eggert Kjartansson til vara. Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin.

Kristinn þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sagði fundi slitið.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir